

1864.
30. sept.

viðurkenning yðar um, að þér hafið fengið þau. Þegar leyfisbréf þessi eru af hendi látn ber að gjöra reikning fyrir þeim og senda hann stjórninni til endurskoðunar, en sá reikningur skal sameinaður þeim reikningi, sem háyfirvöldin nú á ári hverju eptir þeim reglum, sem um það efni gilda, senda stjórninni um konungleg bréf, er þeir fram selja. Bænaðskrár þær, sem leyfisbréfin eru út gefin eptir, eiga að fylgja með reikningnum, ásamt þeim fylgiskjöllum og skilríkjum, er sanna, að leyfisbréfin hafi veitt verið samkvæmt þeim ákvörðunum, sem um það efni hafa gjörðar verið. Borgunina ber að greiða inn í ríkissjóðinn á sama hátt og borgunina fyrir þau leyfisbréf, sem háyfirvöldin nú mega af hendi láta, og eiga skilríki um það að fylgja með reikningnum.

Yður til leiðbeiningar um það, hvernig rita skuli í eyðubréfin, hefir stjórnarráðið látið taka eptirrit af eldri leyfisbréfum, einu af hverri tegund, og sendir yður hérmeð eptirrit þessi.

3. okt.

82. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skipti á dánarbúi Melsteðs amtmanns.

Í bréfi dags. 20. f. m., er sent var beina leið til stjórnarráðsins, hefir P. Böving, sýslumaður í Snæfellsnessýslu, lýst því yfir, að hann áliti sig sem skiptaráðanda í sýslunni hafa rétt til að skipta búi Melsteðs heitins amtmanns, eður að minnsta kosti beri hinum setta skiptaráðanda, Jóhannesi Guðmundssyni, sýslumanni í Mýra- og Hnappadalssýslu, að leggja sèr út skiptalaunin; en þér höfðuð skipað embættismann þenna til að skipta greindu dánarbúi, eptir að sá maður, sem þá gegndi sýslumannsstörfum í sýslunni, hafði álitit sig óhæfan til þess fyrir þá sök, að hann ætti skuld að heimta í búinu.

Um þetta efni skal yður hérmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Böving sýslumanni, að þá er ekki hefir verið farið í þessu máli eptir konungsbréfi 26.

ágúst. 1812, er ákveður, að stiptamtmaðurinn geti kvatt annan sýslumann en hinn reglulega skiptaráðanda í lögsagnar-umdæminu til að skipta dánarbúi amtmanns, og þareð sú ástæða ekki á sér stað um Böving sýslumann, sem eftir hans sögn gjörði það að verkum, að Jóhannes sýslumaður Guðmundsson var settur skiptaráðandi, þá álltur dómsmálastjórnin, að Böving eigi að fá greint dánarbú til skipta-umráða. Um leið eruð þér beðnir að láta Böving sýslumann vita, að bréf hans til dómsmálastjórnarinnar, dagsett 16. júlím. þ. á., ekki hefir komið til skila, og að honum ber framvegis að senda amtinu fyrst bréf sín, þau er hann ritar stjórnarráðinu.

1864.

3. okt.

83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ábyrgð fyrir peningum, sem sendir eru með pósti.

5. okt.

Í bréfi 18. dag febrúarm. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, spurt um:

1. hvort embættismaður, er hefir undir höndum opinberar tekjur, sè laus allrar ábyrgðar á því opinberu fè, er hann sendir til jarðabókarsjóðsins með póstinum, undireins og hann er búinn að skila því af sér til hlutadeiganda póstaðgreiðslumanns, og
2. hvort póstmálefnaþjórnin, ef slys bera að höndum, bæti hlutadeigendum það fè, sem sannað verður, að þeir hafi sent með póstinum.

Um þetta efni kunngjörir dómsmálastjórnin yður:

Um 1. spurn.: að við þessari spurning, svona almennri, virðist eiga að kveða já; þó verður hlutadeigandi að sýna kvittun póstaðgreiðslumannsins fyrir því, að hann hafi tekið við fènu.

Um 2. spurn.: að ekki verður álitið, að póstmálefnaþjórninni sè skylt að gefa skaðabætur fyrir fè, sem sent er með pósti, þegar það týnist eður fer forgörðum af slysum, sem eigi verður kennt skeytingarleysi pósthjóna.